



ORKUSTOFNUN

Rannsóknasvið

SÝNIEINTAK
-má ekki fjarlægja

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

Þrívítt líkan af jarðlagasýrþum

Grímur Björnsson
Sigvaldi Thordarson
Jens Tómasson
Benedikt Steingrímsson

SÝNIEINTAK
má ekki fjarlægja

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

1998

OS-98031



ORKUSTOFNUN

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 610-022

**Grímur Björnsson
Sigvaldi Thordarson
Jens Tómasson
Benedikt Steingrímsson**

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

Prívítt líkan af jarðlagasyrpum

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-98031

Júní 1998

ISBN 9979-68-019-9

ORKUSTOFNUN: Kennitala 500269-5379 - Sími 569 6000 - Fax 5688896

Netfang os@os.is - Heimasíða <http://www.os.is>



Skýrsla nr.: OS-98031	Dags.: Júní	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: HÖFUÐBORGARSVÆÐI Þrívítt líkan af jarðlagasýrpum	Upplag: 30	
	Fjöldi síðna: 64	
Höfundar: Grímur Björnsson Sigvaldi Thordarson Jens Tómasson Benedikt Steingrímsson	Verkefnisstjóri: Benedikt Steingrímsson	
Gerð skýrslu / Verkstig: Líkanreikningar, gagnaúrvinnsla	Verknúmer: 610 022	
Unnið fyrir: Hitaveitu Reykjavíkur		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Í skýrslunni, sem er gerð að beiðni Hitaveitu Reykjavíkur, er fjallað um þrívítt líkan af jarðlagaskipan á höfuðborgarsvæðinu. Verkið er unnið í tenglum við nýtt reiknilíkan Verkfræðistofunnar Vatnaskila af massa- og varmastraumum í jarðhitakerfunum í Mosfellsbæ, í Laugarnesi og í Elliðaárdal. Lárétt skipting jarðlaga innan jarðhitasvæðanna, sem löng hefð er fyrir, er tengd við reiknilíkanið, sem er allfjókið verk. Einkvæmur greiningarlykill jarðlaga í djúpum borholum var metinn út frá sniði milli NV og SA á höfuðborgarsvæðinu. Lykillinn samanstendur af 6 basaltsýrpum og 5 móbergssýrpum. Út úr þessu fengust nokkrar skrár sem lýsa yfirborði hvernar móbergs- og basaltsýrpu sem falli af staðsetningu. Töluverðar dýpissveiflur eru í jarðlagaskilum eftir borholum og þurfti í sumum tilvikum að eyða upplýsingum svo lagskil sköruðust ekki. Búið er að skila 10 skráum með dýpi á lagskil allra móbergs- og basaltsýrpa á svæðinu til Vatnaskila og ganga þær beint inn í hið nýja líkan þeirra. Nú liggur því fyrir heilstætt yfirlit um jarðlagaskipan allra vinnslusvæða Hitaveitu Reykjavíkur.		
Lykilorð: Höfuðborgarsvæði, lághitasvæði, borholur, jarðlagaskipan, þrívítt líkan, greiningarlykill, basaltsýrpur, móbergssýrpur	ISBN-númer: ISBN 9979-68-019-9	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: GrB, PI	

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. GAGNASÖFN	3
3. TENGING Á MILLI SVÆÐA	5
4. ÚTVÍKKUN JARÐLAGA Í ÞRJÁR VÍDDIR	9
5. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA	25
6. HEIMILDIR	26
VIÐAUKI 1: Greinargerðir Jens Tómassonar um jarðlög á höfuðborgarsvæðinu	27
VIÐAUKI 2: Einkvæm og svæðisbundin heiti jarðlaga í borholum	55

MYNDIR

1. Borholur sem notaðar voru við gerð jarðlagalíkans af höfuðborgarsvæðinu	4
2. Skipting jarðlaga í kerfi hvers svæðis eftir línu milli NV og SA	7
3. Útvíkkun jarðlagalíkansins á mynd 2 milli NV og SA	10
4. Dæmi um ása sýndarholna í lagi Ba3	11
5. Skipting jarðlaga í einkvæma jarðlagakerfinu eftir línu milli NV og SA	13
6. Dýpi á móbergssyrpuna M61	15
7. Dýpi á basaltsyrpuna Ba2	16
8. Dýpi á móbergssyrpuna M62	17
9. Dýpi á basaltsyrpuna Ba3	18
10. Dýpi á móbergssyrpuna M63	19
11. Dýpi á basaltsyrpuna Ba4	20
12. Dýpi á móbergssyrpuna M64	21
13. Dýpi á basaltsyrpuna Ba5	22
14. Dýpi á móbergssyrpuna M65	23
15. Dýpi á basaltsyrpuna Ba6	24

1. INNGANGUR

Þessi skýrsla er gerð að beiðni Hitaveitu Reykjavíkur og fjallar um þrívítt líkan af jarðlagaskipan á höfuðborgarsvæðinu. Verkið er unnið í tengslum við nýtt reiknilíkan Verkfræðistofunnar Vatnaskila af massa- og varmastraumum í jarðhitakerfunum í Mosfellsbæ, í Laugarnesi og í Elliðaárdal.

Löng hefð er fyrir láréttri skiptingu jarðlaga innan Laugarness-, Elliðaár og Reykjasvæðanna og reyndar einnig úti á Seltjarnarnesi. Er þá talað um syrpur af basalti og móbergi. Efst basaltlagið heitir þá *bl* og undir því er efsta móbergslagið, *ml*, o.s.frv. (Jens Tómasson o.fl., 1977). Tilvonandi reiknilíkan Vatnaskila nýtir sér þessa lagskiptingu á þann hátt að lóðrétt skipting eininga í líkaninu er höfð u.þ.b. hin sama og mælist í náttúrunni.

Auðvelt kann að virðast að fella beltaskiptingu jarðhitakerfanna fjögurra inn í reiknilíkanið með því einfaldlega að tengja saman móbergs- og basaltsyrpurnar milli svæða. Svo var hins vegar alls ekki sökum óreglu í jarðlögum, sem endurspeglast í gögnunum, sem og vegna þess að ekki var til fullnægjandi greiningarlykill jarðlaga milli svæðanna fjögurra. Svo ekki sé minnst á þann möguleika að e.t.v. er jarðlagaupphleðslan ósamfelld frá svæði til svæðis, t.d. skorin af lóðréttum brotum eða móbergshryggjum.


Eftirfarandi texti lýsir því hvernig jarðlagaskilum í hverri holu var varpað inn á eitt snið, hvernig sniðið hjálpaði við samtengingu jarðlaga milli jarðhitakerfanna á höfuðborgarsvæðinu, og hvaða brögðum var beitt til að teygja úr sniðinu suður að Kleifarvatni og norður í Borgarfjörð. Út úr þessu fékkst svo lokatakmark úrvinnslunnar, sem var nokkrar skrár sem lýstu yfirborði hvernar móbergs- eða basaltsyrpu sem falli af staðsetningu (x,y,z). Þær hafa nú þegar verið afhentar Vatnaskilum til frekari úrvinnslu.

Mynd 1 sýnir borholurnar sem nýttar voru í verkinu, svo og helstu kennileiti. Holurnar eru úr ýmsum „fjölskyldum“, þeirra helstar R, MG og HS syrpurnar (Reykjavíkur, Mosfellsbæjar og hitastigulsholur).

2. GAGNASÖFN

Töluvert er til af skýrslum á Orkustofnun um jarðlagaskipan borholna á Höfuðborgarsvæðinu, bæði innan sem utan jarðhitakerfanna. Þær upplýsingar voru þó ekki fullnægjandi. Þurfti að yfirfara eldri gögn svo og skoða nýlegar HS holur sérstaklega vegna þessa verkefnis, og er því lýst í greinargerðum Jens Tómassonar (1997, 1998a,b,c,d og e). Auk þess sem jarðlagaskiptingin hefur verið áætluð liggur einnig fyrir mat á vatnsgæfni hvers lags í mörgum vinnsluholum. Þessar nýlegu greinargerðir Jens Tómassonar eru allar birtar í viðauka 1. Þær eru grundvöllur þess verks sem hér er lýst.

Að fengnum öllum upplýsingum var því næst ákveðið að slá þær inn í töflur í Oracle gagnagrunn Orkustofnunar, bæði til að auðvelda síðari úrvinnslu en ekki síður til geymslu. Töflurnar heita *bhm.syrpa* og *bhm.syrpudypi*. Eins er til UNIX skelin *syrpa* (notkun: *syrpa -h*). Hún sækir gögn ýmist út frá staðarnúmeri holu eða lagnúmeri og kemur þá út dýpi á hvert lag (m u.s.).



Mynd 1: Borholur sem notaðar voru við gerð jarðlagalíkans af höfuðborgarsvæðinu. Eins eru sýndir ásar staðbundins hnitakerfis (X' og Y') sem fjallað er um síðar í skýrslunni.

3. TENGING Á MILLI SVÆÐA

Sem fyrr greinir var ekki til einkvæm tenging jarðlaga milli allra jarðhitakerfanna fjögurra á höfuðborgarsvæðinu. Slíkar tengingar eru þó til að hluta. Sem dæmi má nefna að Guðmundur Ó. Friðleifsson (1990) tengdi saman jarðlög frá Seltjarnarnesi um Laugarnes að Elliðaám. Hann áætlað að jarðlagahalli sé u.þ.b. 7° til austurs á þessu bili. Þegar kemur austur í Krýsuvíkursprungustykkið eykst hins vegar jarðlagahallinn. Er hann t.d. talinn vera nærri 14° í Mosfellssveit (Jens Tómasson, 1992).

Fyrsta vers í úrvinnslunni var því að átta sig á tengingu jarðlaga milli allra svæðanna. Þar enduðu menn í eftirfarandi:

1. Hnitakerfinu var snúið úr landskerfi (Lambert) í staðbundið kerfi þar sem X-ásinn snýr í NV og Y-ásinn í NA. Núllpunkturinn er vestan í Úlfarsfelli og tekur Lambert hnitíð [682,410] km (mynd 1). Með þessu snúa ásar hnitakerfisins ýmist í eða hornrétt á megin sprungustefnuna, og reyndist það ótvíræður kostur í framhaldsúrvinnslunni.
2. Síðan var búin til ein skrá með lagskiptingu allra holna, þar sem dýpið á efra borð jarðlags (*b1, m1* o.s.frv.) var í metrum undir sjávarmáli og hnitíð í staðbundna kerfinu. Gögnin sótti Oracle í fyrrgreindar gagnatöflur en síðan þurfti að snúa Lambert hnitum holnanna yfir í staðbundna kerfið. Út úr þessu fékkst fimm dálka skrá þar sem dálkarnir voru:
$$\text{nafn1} \quad x\text{-hnit [km]} \quad y\text{-hnit [km]} \quad \text{dýpi [m u.s.]} \quad \text{nafn2}$$
Í fyrstu útgáfu kom sama jarðlagsnafnið í fyrstu og fimmtu súluna (í svæðiskerfi). Verkinu lauk svo með því að nafnið í fyrstu súlunni varð einkvæmt fyrir allt höfuðborgarsvæðið.
3. Dýpin á jarðlagaskilin í grunnskránni voru síðan teiknuð á eitt snið. Í sniðið var svo rýnt í þau með það að markmiði að finna einn jarðlagalykil fyrir allt gagnasafnið.
4. Við túlkunina var haft að leiðarljósi að halli jarðlaga vestan sprungustykkis Krýsuvíkur væri kringum 7° , en kringum 14° austan þess.
5. Nauðsynlegt reyndist að sameina lögin *b2, m2* og *b3* á Elliðaársvæðinu til að ofangreindar forsendur um jarðlagahalla stæðust.

Mynd 2 sýnir lokagerð jarðlagasniðsins sem gengið var út frá. Þar eru skrifuð nöfn á efri brún jarðlaga með litlum staf (í svæðiskerfi), svo og einkvæm nöfn jarðlaga eins og skýrsluhöfundar túlka þau (*Ba1, Mól, Ba2* o.s.frv.). Út frá þessari mynd fékkst eftirfarandi tengiregla basalts- og móbergslaga milli jarðhitasvæða:

1. Jarðlög á Reykjasvæðunum bera sama númer í báðum kerfum, þ.e. *b1* er *Ba1, m1* er *Mól* o.s.frv.
2. Efri jarðlögin á Elliðaársvæði liggja tveimur lagnúmerum dýpra en á Reykjum, þ.e. *b1* er *Ba3* og *m1* er *Mó3*. Síðan er öllu steipt í eitt lag þ.a. *b2, m2* og *b3* verða *Ba4, m3* er svo *Mó4* og *b4* er *Ba5*. Langan tíma tók að átta sig á þessari lausn, en hún

fellur tiltölulega vel að kröfunni um 7° jarðlagahalla á þessum slóðum.

3. Jarðlög á Laugarnessvæðinu eru svo tveimur lagnúmerum dýpra en á Reykjum, þ.e. *m2* er *M64*, *b3* er *Ba5* o.s.frv.
4. Jarðlög á Seltjarnarnesi eru svo þremur lagnúmerum neðar en á Reykjum, þ.e. *b2* er *Ba5* o.s.frv.


Viðauki 2 sýnir í töfluformi lokatúlkun jarðlagasýrpnanna fyrir þær holur sem hér voru skoðaðar. Bæði eru gefin upp nöfnin í kerfi hvers svæðis svo og einkvæma lagnafnið.

4. ÚTVÍKKUN JARÐLAGA Í ÞRJÁR VÍDDIR


Tilgangur þeirrar vinnu sem hér er lýst var að lýsa skilflötum móbergs- og basaltsyrpna í þremur víddum. Jarðlagasniðið á mynd 2 er því einungis fyrsta skrefið í því ferli. Næstu skrefin voru að teygja úr sniðinu upp til Borgarfjarðar, suður á Reykjanes, út á Faxaflóa og austur til Þingvalla sökum þess hve reiknilíkan Vatnaskila er víðáttumikið Ljóst er að forsendur eru ákaflega fátæklegar um jarðlög svo vítt. Því var giskað á framhald skilflata.

Í fyrsta lagi þurfti að framlengja jarðlagamódelið á mynd 2 lengra til norðvesturs og suðausturs. Þar var einfaldlega gripið til þess ráðs að jarðlagahallar voru framlengdir 10 km út fyrir miðás sniðsins. Eftir það ganga jarðlagaskilin hins vegar lárétt út. Mynd 3 sýnir þetta.


Í öðru lagi þurfti að teygja jarðlögin til NA og SV, tugi kílómetra. Gagnafátæktin varð til þess að búnaður voru til sýndarholur sem skipuðu sér á ása milli NA og SV (mynd 4). Dýpi á jarðlagaskil sýndarholnanna voru eins eftir hverjum ás, til samræmis við stríkstefnu jarðlaga. Allar sýndarholurnar norðvestan Seltjarnarness voru þannig láttnar fylgja láréttu lagskiptingunni sem ríkir í holunum þar. Að sama skapi var lárétt framlenging jarðlaga í Mosfellssveit, í 10 km fjarlægðinni á mynd 3, láttn gilda í öllum holunum suðaustan við Reykjnasvæðin. Þessir holuásar eru 85 km langir og ná úr Borgarfirði suður á Reykjnasnesskaga. Þeim til viðbótar voru skilgreindir holuásar yfir mitt athugunarsvæðið, en þó aðeins NA og SV við borsvæðin, enda eru innan þeirra næg gögn til að skilgreina basalt- og móbergssyrpurnar títtnefndu.




Mynd 3: Útvíkkun jarðlagalíkansins á mynd 2 milli NV og SA.
Lögin eru einfaldlega höfð lárétt utan við ± 10 km.




Mynd 4: Dæmi um ása sýndarholna í lagi Ba3.
Raunverulegar borholur eru sýndar með hringjum en sýndarholurnar með tíglum.
Ásar sýndarholna slitna um borsvæðin, þegar holugögn eru til staðar.




Mynd 6: Dýpi á móbergssyrpuna Mól (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.
Móbergið finnst ekki vestan við 0 m hæðarlínuna.




Mynd 7: Dýpi á basaltsyrpuna Ba2 (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.




Mynd 8: Dýpi á móbergssyrpuna Mól (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.




Mynd 9: Dýpi á basaltsyrpuna Ba3 (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.




Mynd 10: Dýpi á móbergssyrpuna Mó3 (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.




Mynd 11: Dýpi á basaltsyrpuna Ba4 (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.




Mynd 12: Dýpi á móbergssyrpuna M64 (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.



Mynd 13: Dýpi á basaltsyrpuna Ba5 (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.



Mynd 14: Dýpi á móbergssyrpuna M65 (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.



Mynd 15: Dýpi á basaltsyrpuna Ba6 (m u.s.).
Borholur eru sýndar með hringjum og sýndarholur með daufum tíglum.

5. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Helstu niðurstöður þessarar skýrslu eru:

1. Búið er að taka saman yfirlit um basalt- og móbergssyrpur í flestum djúpum borholum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi gögn eru varðveitt í greinargerðum og í nokkrum töflum í gagnasafni Orkustofnunar.
2. Skilgreindur hefur verið einkvæmur greiningarlykill jarðlaga á höfuðborgarsvæðinu, út frá sniði milli NV og SA. Hann samanstendur af 6 basaltsyrpum og 5 móbergssyrpum.
3. Greiningarlykillinn fylgir í höfuðatriðum þeim jarðlagahalla sem talinn er ríkja á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. kringum 7°C halla til SA vestan Elliðaáa, en kringum 14° halla austan þeirra.
4. Töluverðar dýpissveiflur eru í jarðlagaskilum eftir borholum. Í sumum tilvikum reyndist nauðsynlegt að eyða slíkum upplýsingum, en með því var tryggt að engin lagskil sköruðust.
5. Frjállega var farið með skilgreiningu jarðlaga utan borsvæða, en innan þeirra var gerð krafa um að dýpi á lagskil fylgi því sem greint er í borholum.
6. Búið er að skila 10 skráum með dýpi á lagskil allra móbergs- og basaltsyrpna á höfuðborgarsvæðinu til Verkfræðistofunnar Vatnaskila. Þær ganga beint inn í nýtt reiknilíkan af massa- og varmastraumum jarðhitakerfanna sem Hitaveita Reykjavíkur nýtir. Hnitin eru í UTM kerfi.

Í heild má segja að nú liggi fyrir fyrsta sinni heildstætt yfirlit um jarðlagaskipan allra vinnslusvæða Hitaveitu Reykjavíkur. Verkið reyndist mjög umfangsmikið þegar til kom og tímafrekt. Ræður þar miklu að nær engin hefð er fyrir slíkri þrívíðri jarðlagagreiningu á Orkustofnun, hvað þá í tölvu. Þurfti því oftsinnis að hugsa upp aðferðir eftir því sem verkinu vatt fram og það tekur tíma.

Efalaust má finna ágalla í jarðlagalíkaninu við nánari skoðun. Þar ber helst að viðurkenna að líkanið tregðast við að viðurkenna jarðlagahalla milli norðurs og suðurs. Hann kann þó að vera til staðar, t.d. vegna stóru innskotanna úti á Kollafirði, eða þá vegna vaxandi upphleðslu til suðurs í Krísuvíkursprungustykkinu. Með tíð og tíma verður efalaust tekið á þessu.

6. HEIMILDIR

- Guðmundur Ómar Friðleifsson, 1990: *Jarðfræði Laugarnessvæðisins í Reykjavík*. Orkustofnun, OS-90035/JHD-07, 63 s.
- Jens Tómasson, Þorsteinn Thorsteinsson, Hrefna Kristmannsdóttir og Ingvar Birgir Friðleifsson, 1977: *Höfuðborgarsvæðið. Jarðhitarannsóknir 1965-1973*. Orkustofnun, OS-JHD-7703, 109 s.
- Jens Tómasson, 1992. Tenging jarðlaga á Suður-Reykjum. Jarðlagapversnið. Orkustofnun, OS-92048/JHD-25 B, 34 s.
- Jens Tómasson, 1997: *Megin jarðlagasyrpur í borholum á Reykjasvæðunum í Mosfellsbæ*. Orkustofnun, greinargerð JT-97/02.
- Jens Tómasson, 1998a: *Jarðlög nágrannaholna Reykjasvæðanna*. Orkustofnun, greinargerð, JT-98/01.
- Jens Tómasson, 1998b: *Meginjarðlagasyrpur og vatnsæðar í borholum á Elliðaársvæðinu*. Orkustofnun, greinargerð, JT-98/02.
- Jens Tómasson, 1998c: *Megin jarðlagasyrpur og vatnsæðar í borholum á Laugarnessvæði*. Orkustofnun, greinargerð, JT-98/03.
- Jens Tómasson, 1998d: *Jarðlög nágrannaholna Laugarnes- og Elliðaársvæðanna*. Orkustofnun, greinargerð, JT-98/04.
- Jens Tómasson, 1998e: *Jarðlagatengingar milli jarðhitasvæða á höfuðborgarsvæðinu*. Orkustofnun, greinargerð, JT-98/05.
- Wessel, P., and W. H. F. Smith, 1995: *New Version of the Generic Mapping Tools Released*, http://www.agu.org/eos_elec/95154e.html. Copyright 1995 by the American Geophysical Union.

VIÐAUKI 1

Greinargerðir Jens Tómassonar um jarðlög á höfuðborgarsvæðinu

MEGIN JARÐLAGASYRPU Í BORHOLUM Á REYKJASVÆÐUNUM Í MOSFELLSBÆ

Hér á eftir er birt tafla um jarðlagasyrpu í hverri holu á Reykjvasvæðunum í Mosfellsbæ. Þessar jarðlagasyrpu voru skilgreindar í tvennum skýrslum Jens Tómassonar (1992 og 1993). Þar var jarðlögum skipt upp í þrjár móbergssyrpu og fjórar basaltsyrpu (M-1 til M-3 og B-1 til B-4). Þessi skilgreining var að fullu útfærð í seinni skýrslunni um Norður-Reyki og Helgadal, en fyrri skýrslunni um Suður-Reyki voru skilgreindar tvær móbergssyrpu og fjórar basaltsyrpu, en það var mikið af móbergi í neðri hluta holanna en því var ekki gefið sérstakt nafn. Nú er verið að endurskoða jarðlagagreiningar frá Suður-Reykjum. Þegar þessi tafla var gerð var búið að endurskoða jarðlagasnið frá 10 holum á Suður-Reykjum. Það er ljóst í þessari endurskoðun að neðsta móbergssyrpan (M-3) kemur mun betur fram en fyrir endurskoðun. Skipting jarðlaganna á Norður-Reykjum í töflunni er eins og í skýrslunni frá 1993, en skipting í töflunni frá Suður-Reykjum er talsvert frábrugðin því sem var í skýrslunni frá 1992 og frekari breytinga er vænst þegar endurskoðuninni er að fullu lokið.

Uppbygging töflunnar. Efst í töflunni eru tveir dálkar fyrir hverja holu. Í fremri dálki er sýnt dýpið á efri mörkum hverrar jarðlagasyrpu, en í aftari dálki er sýnt hve mörg % af vatnsvinnslu eru úr viðkomandi syrpu þannig t.d. ef efri mörk M-1 eru 300 m og efri mörk B-2 eru í 600 m, þá stendur fyrir aftan M-1 dálkinn sú prósentu vinnslu sem er úr vatnsæðum á milli 300 - 600 m dýpis. Stærð vatnsæða er fengin frá skoltapi í borun og hefur þetta áður verið birt í fjölda skýrslna, síðast í skýrslum Jens Tómassonar (1995, 1996 og 1997). Í þrýstiprófunum hefur orðið mikil aukning á vatnsgæfni hola og þær breyta einnig mikið hlutfallslegri vatnsgæfni milli jarðlaga, en ekki hefur verið reynt að meta slíkar breytingar kerfisbundið. En almennt mun vatnsgæfni fyrir ofan 1000 m hafa aukist meir en fyrir neðan. Í neðri hluta töflunnar er einn dálkur, þar eru sýnd efri mörk ummyndunarbelta. Ef viðkomandi ummyndunarbelti nær upp í efsta sýni er skrifað 0 og svo í sviga dýpið á sýninu. Þar eru þrjú háhitabelti, þ.e. klórít-ummyndunarbelti skammstafað kl-bl, prenit ummyndunarbelti skammstafað pr-bl og epídót, prenit ummyndunarbelti skammstafað ep, pr-bl. Þá eru tvö lágleit belti, þ.e. stílbít ummyndunarbelti skammstafað st-bl og laumontít ummyndunarbelti skammstafað la-bl.

Ritaskrá

Jens Tómasson (1995) Ummyndun á Norður-Reykjum og Helgadal, Mosfellsbæ. Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar. OS-95053/JHD-34 B.

Jens Tómasson (1996) Ummyndun og ummyndunarsnið frá 13 holum á Suður-Reykjum MG-1 til MG-15. Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar. OS-96056/JHD-34 B.

Jens Tómasson (1997) Suður-Reykir, Mosfellsbæ. Ummyndun og ummyndunarsnið af 12 holum. MG-16 til MG-18, MG-20, MG-22 til MG-27, MG-30 til MG-31. Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar OS-97054.

NORÐURREYKIR

	MG-37	MG-19	MG-28	MG-5	MG-21	MG-32
	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m
	%	%	%	%	%	%
Efri mörk B-1	0	0	0	0	0	0
Efri mörk M-1	77	0	0	41	120	263
Efri mörk B-2	266	74	134	184	358	456
Efri mörk M-2	365	264	322	392	563	974
Efri mörk B-3	745	752	748	748	930	
Efri mörk M-3	945	890	966	975	1008	
Efri mörk B-4	1085	1085	1245	1210	1396	
Efri mörk kl-bl	0 (52)	0 (38)	178	184	316	416
Efri mörk pr-bl	892*	1231	1286	1128	832	
Efri mörk ep-pr-bl	945*	1231	1500	1528	1446	1108
Efri mörk st-bl	0 (52)	0 (38)	10,8	0 (160)	316	416
Efri mörk la-bl	96	124	244	0 (160)	480	416
	Ef-pr finnst einnig á 96-158 m og 396-460 m	Ef-pr finnst einnig á 124-170 m og 900 m	Ef-pr finnst einnig á 498 m dýpi			Holan er 1319 m endar í M-2

NORÐURREYKIR

	MG-36	MG-34	MG-29	MG-38	MG-33	MG-35
	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m
	%	%	%	%	%	%
Efri mörk B-1	0	0	0	0	0	0
Efri mörk M-1	326	250	319	265	326	486
Efri mörk B-2	616	415	425	409	558	680
Efri mörk M-2	1000	906	804	780	817	970
Efri mörk B-3	1258	1270	1232	1102	1126	1340
Efri mörk M-3	1490	1360	1178	1178	1300	1453
Efri mörk B-4	1760	1732	1738	1738	1782	
Efri mörk kl-bl	332	298	350	0 (58)	0 (32)	370
Efri mörk pr-bl			1148			0
Efri mörk ep-pr-bl	1026 ^x	1342	1176	1426	1314	820
Efri mörk st-bl		998	350	256	228	84
Efri mörk la-bl	332	298	620	310	418	660
	Fyrir ofan 326 m er móberg en yngra M-1, pr,ep ^x finnst á 544 m	Pr finnst á 592 m	Holan er 1354 m	Ep finnst einnig á 505-550 m og pr á 824 m		

	NORÐURREYKIR			SUÐURREYKIR									
	MG-39 m	Vatnsæðar %		MG-1 m	Vatnsæðar %	MG-2 m	Vatnsæðar %	MG-3 m	Vatnsæðar %	MG-4 m	Vatnsæðar %	MG-6 m	Vatnsæðar %
Efri mörk B-1	0	0				205	24		0				
Efri mörk M-1	428	0		0		462	0	0		72		0	
Efri mörk B-2	672	52		226	0	490	4	246	28	265	41	191	11
Efri mörk M-2	1042	15		334		622	0	383	20	485	18	460	14
Efri mörk B-3	1377	1		844		830	0	610	17	756	0	716	6
Efri mörk M-3	1509	32		906		1023	39	873	9	922	29	829	0
Efri mörk B-4				1012		1124	33	1022	26	1195	12	1115	69
Efri mörk kl-bl								32			262		270
Efri mörk pr-bl								1146			742		602
Efri mörk ep-pr-bl											1306		942
Efri mörk st-bl								0 (34)			0 (30)		
Efri mörk la-bl								480			452		486
				Ekkert skollap í þessari holu. Á 660 m kemur fram æð í hitamælingu		Engar þunnsl. eða röntgen eru frá þessaru holu							

SUÐURREYKIR

	MG-7	MG-8	MG-9	MG-10	MG-11	MG-12
	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m	Vatnsæðar m
	%	%	%	%	%	%
Efri mörk B-1		0	0	0	0	0
Efri mörk M-1	0	45	142	252	90	95
Efri mörk B-2	270	210	270	360	316	167
Efri mörk M-2	311	408	465	605	360	340
Efri mörk B-3	578	770	608	840	917	638
Efri mörk M-3	951	934	865			
Efri mörk B-4	1024	1127	930			
Efri mörk kl-bl	502	0 (160)	0 (32)	210	0 (198)	232
Efri mörk pr-bl	550			900		
Efri mörk ep-pr-bl		1226	888		905	
Efri mörk st-bl	0 (20)	0 (160)	70	0 (70)	60	82
Efri mörk la-bl	500	456	482	596	282	348
			Prenit finnst á 448 m Epidót finnst á 620 m		Epidót finnst á 399 og 663 m og prenit á 514 m sem spor	Prenit finnst í tveimur sam- liggjandi sýnum á 316 og 332 m

SUÐURREYKIR

	MG-13	MG-14	MG-15	MG-16	MG-17	MG-18
	m	m	m	m	m	m
	Vatnsæðar %	Vatnsæðar %	Vatnsæðar %	Vatnsæðar %	Vatnsæðar %	Vatnsæðar %
Efri mörk B-1	0	0	0	0	0	0
Efri mörk M-1	0	0	0	0	230	0
Efri mörk B-2	116	160	174	88	306	186
Efri mörk M-2	280	303	277	176	586	310
Efri mörk B-3	530	621	660	710	816	714
Efri mörk M-3	664	944	832	830	1152	1042
Efri mörk B-4	1200	1060	902	1210	1368*	1268
Efri mörk kl-bl	0 (182)	260	242	280	180	492
Efri mörk pr-bl		860	1242	1170	988	
Efri mörk ep-pr-bl	920	1220	1494	1216	1148	1150
Efri mörk st-bl	0 (182)	198	54	104	124	0 (40)
Efri mörk la-bl	396	470	524	416	412	424
			Prenit finnst á 594 m og sem spor á 628 og 660 m. Epidót finnst sem spor á 628 og 1302 m		Fyrir* neðan 1386 m eru mest gangar en móberg er grannberg	

SUÐURREYKIR

	MG-20	MG-22	MG-23	MG-24	MG-25	MG-26
	Vainsæðar m %	Vainsæðar m %	Vainsæðar m %	Vainsæðar m %	Vainsæðar m %	Vainsæðar m %
Efri mörk B-1	0 0	118 26	108 52	0 0	0 0	123 0
Efri mörk M-1	0 0	518 6	518 0	120 5	216 0	353 0
Efri mörk B-2	136 0	754 20	742 47	416 0	512 39	458 4
Efri mörk M-2	318 16	840 27	1070 1	502 7	743 0	540 96
Efri mörk B-3	634 0	1100 5		939 13	938 15	
Efri mörk M-3	722 80	1229 22		1224 4	1158 8	
Efri mörk B-4	1480 4			1320 71	1404 38	
Efri mörk kl-bl	312	0 (262)	610	342	348	360
Efri mörk pr-bl					1138	
Efri mörk ep-pr-bl		906	1186	1620	1264	
Efri mörk st-bl	0 (40)	0(262)	0 (60)	162	(0)18	108
Efri mörk la-bl	406	360	544	0 (72)	158	256
	Neðsta þunn- sneiðin á 1070 m dýpi nær því ekki ofan í epidót-prenít- beltið					Prentú finnst 360 m og epi- dót á 678 m. Ekki komið niður í epidót- prenítbeltið

SUÐURREYKIR

	MG-27 m	Vatnsæðar %	MG-30 m	Vatnsæðar %	MG-31 m	Vatnsæðar %	
Efri mörk B-1	0	8	0		67	12	
Efri mörk M-1	608	10	139	30	486	1	
Efri mörk B-2	885	0	296	27	600	3	
Efri mörk M-2	970	5	530	6	644	84	
Efri mörk B-3	1107	3	825	37			
Efri mörk M-3	1265	36	1486	0			kl = klórfít
Efri mörk B-4	1678	38					bl = belti
Efri mörk kl-bl		162		0 40		210	kl-bl = klórfítbelti
Efri mörk pr-bl						798	ep = epidót
Efri mörk ep-pr-bl		1048		1056		1370	pr = prenit
Efri mörk st-bl		0 (24)		0 (28)		180	st = stílbít
Efri mörk la-bl		226		300		620	la = laumontít
		Epidót finnst á 442 m				Prenit finnst á 480 m	



Jarðlög nágrannaholna Reykjasvæðanna.

Hér verður jarðlögum í nágrannaholum Reykjasvæðanna skipti í megineiningar líkt og gert hefur verið við holur inn á svæðunum. Allt eru þetta svonefndar HS-holur utan RV-42 við ósa Korpu. Byrjað verður á þeirri holu sem næst er jarðhitasvæðunum að Reykjum þ.e. holu HS-24 (Suður-Reykir) og síðan teknar holur í vaxandi fjarlægð frá svæðunum.

HS-24 Skammidalur s: 12972

0-46 m móberg

46-231 m basalt B-1

Þessi hola er milli Suður- og Norður-Reykja. Ef tekið er tillit til strikstefnu er líklegast að B-1 sé í holunni og móbergið sé yngra móberg sem liggja ofan á B-1 og hefur stundum verið kallað Ma-1.

HS-34 Uxamýri s: 14091

0-40 m basalt

40-140 m móberg

140-200 m basalt B-1

Þessi hola er um 200 m suður af syðstu holum á Suður-Reykja svæðinu, en þar er B-1 yfir 200 m þykkt, en misþykkt móbergslag er efst í B-1 inni á svæðinu (Ma-1).

HS-42 Húsadalur S: 14095

0-56 m móberg

56-124 m basalt

124-190 m móberg

190-370 m basalt B-1

Þessi hola er um 300 m suðaustur af Suður-Reykja svæðinu og 800 m fyrir austan HS-34. Efsta móbergið í holunni er sennilega yngra berg en fannst á Suður-Reykjum.

HS-41 Reykjahvoll/Hafravatn s:14094

0-38 m basalt

38-110 m móberg

110-172 m basalt

172-288 m móberg

288-370 m basalt B-1

Þessi hola er staðsett 1,5 km suðvestur af austustu holunni á Suður-Reykjum. Ef tekið er tillit til strikstefnu og halla og þykkt B-1 á Suður-Reykjum er líklegt að jarðlögin í holunni svari til B-1 nema efsta basaltlagið. Það er meira móberg í þessum stafla en venjulega er í B-1 á Suður-Reykja svæðinu.

HS-39 Skyggfir s: 12984

0-80 m móberg

80-112 m basalt

112-172 m móberg M-1

172-234 m basalt B-2

234-250 m móberg

Holan er 1,3 km vest-suð-vestur af austustu holunum á Suður-Reykjum. Ef tekið er tillit til stríkstefnu ættu jarðlögin að vera svipuð og í holunum í miðbiki Suðru-Reykja. Þar er M-1 frá yfirborði og niður í 100-300 m dýpi.

HS-35 Skarhólamýri s: 13931

0-46 m basalt B-2

46-150 m móberg

150-186 m basalt

186-222 m móberg

222-246 m basalt

246-266 m móberg M-2

266-332 m basalt

332-370 m móberg

370-436 m basalt B-3

Þessi hola er 1,2 km vestnorðvestur af nyrstu holunum á Suður-Reykjum. Ef tekið er tillit til strík- og hallastefnu ættu samsvarandi jarðlög á Suður-Reykjum að finnast 100-200 m neðar í staflanum. Hins vegar eru engar holur á Suður-Reykjum í beina hallastefnu frá holunni og það er óvíst hve þykkt móbergssyrpunnar nær langt í vestur, en líklegasta niðurstaðan er sýnd í jarðlagatöflunni.

HA-37 Helgafell s: 14092

0-82 m basalt B-2

82-112 m móberg

112-254 m basalt

254-294 m móberg M-2

294-446 m basalt B-3

Þessi hola er 700 m norðvestur af nyrstu holunum á Suður-Reykjum. Holan er beint í hallastefnu ef reiknað er með 8-15° halla ættu samsvarandi jarðlög að vera á 100-200 m dýpri á Suður-Reykjum. Það er mikið af misgengjum sem hafa fall til vesturs, þannig að það gæti verið raunverulegur halli til norðvesturs.

RV-42 Korpuóssar s: 5042

3-28 m set	
28-98 m basalt	
98-124 m set	
124-230 m móberg	M-2
230-278 m basalt	M-2
278-438 m móberg	M-2
438-508 m basalt	M-2
508-567 m móberg	M-2
567-643 m basalt	M-2
643-858 m móberg	M-2
858-1242 m basalt	B-3
1242-1293 m móberg	

Holan er 4-4,5 km vestur af Suður-Reykjum. Eftir strik- og hallastefnunni gætu efstu jarðlögin í RV-42 verið komin niður á 600-800 m dýpi á Suður-Reykjum. Ef hallastefnan frá RV-42 er tekin frá RV-42 mundi hún lenda nokkur hundruð m fyrir vestan Suður-Reyki. Það eru því tvær forsendur fyrir þessari tengingu, þ.e. að hallinn sé að meðaltali um 10° og að jarðlagasýrþurnar á Suður-Reykjum breytist lítið til vesturs, en báðar þessar forsendur eru óvissar. Tvö efstu lögin í RV-42 eru yngri en jarðlögin á Suður-Reykjum og tilheyrir grágrytismyndun og Elliðaárseti.

Hér á undan byrjuðum við á holum þar sem bergið sem holurnar fara í gegnum var jafn gamalt berginu í holunum á Syðri-Reykjum, og svo var farið til norðvesturs þar sem bergið í holunum varð eldra en bergið í Suður-Reykjum eftir því sem lengra var farið. Hér á eftir verður farið frá byrjunarpunktinum og til suðausturs þar sem bergið yngist eftir því sem austar er farið.

HS-26 Hafravatn/Vatnsvík s: 12981

0-126 m móberg	
126-334 m basalt	
334-366 m móberg	
366-378 m basalt	B-1

Holan er um 2 km suður af syðstu holunni á Suður-Reykja svæðinu. Ef tekið er tillit til til strikstefnu og halla getur efsta móbergslagið ekki svarað til neinna laga á Suður-Reykjum, en lagasýrpa frá 126-378 gæti svarað til B-1 á Suður-Reykjum.

HS-27 ***Pormóðsdalur*** **s: 12982**

0-128 m móberg

128-142 m basalt

142-174 m móberg

174-191 m basalt

191-338 m móberg

338-412 m basalt **B-1**412-450 m móberg **M-1**

